

FORELDRAFÉLAG GSS



**GRUNNSKÓLINN
Í STYKKISHÓLMÍ**

HANDBÓK

Kosning á fyrsta fundi	2
To do	2
Fjármál	2
Bekkjarsjóðir	3
Verkefni yfir skólaárið	6
Bekkjarkvöld	6
Norðurljósahtíð	7
Hrekkjavökuganga	8
Jólasamvera/föndur	9
Laufabrauðsgerð	9
Stöðvar	11
Fræðsluerindi	13
Öskudagur	13
Sumardagurinn fyrsti	18
Starfsreglur foreldrafélags GSS	20

Kosning á fyrsta fundi

- Formaður
- Gjaldkeri
- Ritari
- Einn í skólaráð (til tveggja ára) - *senda aðstoðarmanni bæjarstjóra netfang hins nýja fulltrúa.*
- Einn í skólanefnd (til eins árs) - *senda aðstoðarmanni bæjarstjóra netfang hins nýja fulltrúa.*

To do

- Skipta um prókúruhafa
 - Senda tilkynningu um breytingu á stjórn/prókúru til Skattsins - eyðublað rsk.1730.
 - Aðstoðarskólastjóri er lykilmaður félagsins og getur stofnað aðgang fyrir gjaldkera við upphaf hvers starfsárs.
- [Skrá raunverulegan eiganda](#) - ath ekki hægt fyrr en skráning á breytingu á stjórn er komin í gegn hjá fyrirtækjaskrá.
- Skipta um lykilorð að gmaili félagsins
foreldrafelaggss@gmail.com
lo: gss2024foreldrar
- Bæta nýjum foreldrafulltrúum inn í facebook-hópinn og henda hinum út. Fulltrúi frá X-inu er meðlimur upp á að koma skilaboðum frá félagsmiðstöðinni inn á bekkjarsíður.

Fjármál

- Innheimta félagsgjalda
 - Passa að það fari bara ein krafa á hvert heimili
 - 2 mánaða greiðslufrestur
 - Gjald 3650 kr. (+ 150 kr. sem eru rukkuð af bankanum)
 - Leiðbeiningar til að skrá kröfur:
 - Fá excel skjal hjá skólaritara, það er nóg að fá bara lista með kennitölum. Þegar þú ert skráð/ur inn ferðu í dálkinn vinstra megin og finnur innheimtukurfur
 - Velur “Magnsending”
 - Velur tegund skrár “excel-kennitölulisti”

- Velur reikninginn í næsta reit hægra megin
- Fyllir út gjalddaga og eindaga (gott að gefa rúman tíma)
- Nefnir gjaldliðinn og setur upphæð
- Klikkar á áfram
- Skráir heiti bunkans og hleður upp excel-skránni með kennitölunum
- Klikkar á senda og bóka
- Niðurgreiðsla á skíðaferð 7. bekkjar - árið 2025 voru greiddar kr. 4000 per nemanda.
- Niðurgreiðsla á menningarferð 5. bekkjar - árið 2025 voru greiddar kr. 4000 per nemanda.
- Styrkur v. árshátíðar unglingastígs árið 2025 kr. 50.000.
- Foreldrafélagið 2024/2025 ákvað að hætta að rukka inn á viðburði, t.d. jólaföndur og öskudag.
- Ef það hefur myndast góður sjóður gæti verið sniðugt að deila honum niður á bekkjarsjóði allra bekkja til þess að fækka fjáröflunum.

Bekkjarsjóðir

- Foreldrafulltrúar í 5., 7., 9. og 10. bekk þurfa að setja sig í samband við aðstoðarskólastjóra til þess að fá upplýsingar um reikningsstöðu bekkja.
- Setja niður fyrirhugaðar fjáraflanir vetrarins í samvinnu við fulltrúa frá Snæfelli, 5., 7., 9., 10. bekk, tónó og X-inu.

Fjárafánir í Stykkishólmi 2024-2025

September

Dósasöfnun - lúðró

Október

Kökubasar - 9. bekkur

Vöflur/skúffukökusala á opnum degi - 10. bekkur

Bílabón - Snæfell meistaraflókkar

Nóvember

Saltfiskur og flatkökur - 9. bekkur

Klósettpappírsala - Snæfell meistaraflókkar

Skólapeysu/bola sala - 10. bekkur

Spilastokkar - 10. bekkur

SÁÁ ÁLFURINN - Frjálsíþróttadeild

Desember

Jólahappdrætti - Snæfell

Kakósala á jólasamveru - 5. bekkur

Jólamarkaður í Norska húsinu - 9. bekkur

Friðargangan (friðarljós og heitt kakó) - 9. bekkur

Bíósýning 7. des - 9. bekkur

Hörpuskel, pizzadeig, krydd og olíur - 7. bekkur

Sala á Snæfells sokkum - yngri flokkar Snæfells

Jólaball á Höfðaborg (kakó og vöflur) - 7. bekkur

Janúar

Dósasöfnun - 10. bekkur

Kakósala á þrettándanum - 7. bekkur (spurning hvort þetta eigi að vera eyrnamerkt 6. bekk?)

Þrettándaþeðin (búningar og fl. í samvinnu við X-ið) - 10. bekkur

Skúffukökusala - 9. bekkur?

Febrúar

Páskaeggjasala - ungmenni í X-inu

Bíósýning - 9. bekkur

Kökubasar - 9. bekkur

Skammdegistónleikar (kakó og meðði) - Lúðró

Mars

Páskabingó - 9. bekkur

Bekkjarblað - 5. bekkur

Apríl

Sjoppa á árshátíðarballi hjá yngri - 7. bekkur

Kökubasar - 10. bekkur

Maí

Dósasöfnun - 8. bekkur

Sjómannadagsblaðið - 7. bekkur

SÁÁ álfurinn - Snæfell fótbolti

Verkefni yfir skólaárið

Bekkjarkvöld

Haldin einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót.

Dæmi um auglýsingar:





Norðurljósahátíð

- Fara með krukku úr GSS í Norska húsið.

HREKKJAVAKA Í HÓLMINUM

Foreldrafélag Grunnskólans í Stykkishólmi
stendur fyrir hrekkjavökugöngu
mánudaginn 28. okt milli 17:30 og 19:30

Fjölskyldur og/eða vinir eru hvattir til að ganga í hús á eigin
forsendum svo börnin geti safnað sér gotti eins og þekkt er.
Eins og áður verður gengið út frá þeirri reglu að banka megi
upp á þar sem hús hafa verið merkt eða skreytt við eða á hurð
með skýrum hætti í tilefni dagsins

Hólmarar eru hvattir til að skreyta hús sín og taka þátt í gleðinni



- Útbúa lifandi [docs skjal](#) þar sem fólk getur skráð sig til þátttöku.

Jólasamvera/föndur

Laufabrauðsgerð

Punktur frá foreldrafélaginu 2023/2024:

- Google skjal þar sem fólk skráði sig á tíma og eins hversu margir myndu mæta. Líka fyrir okkur sem stóðum vaktina.
- Fínt að hafa tvo daga og tímasetningarnar 17, 18 og 19. Fæstir voru kl. 19. Seinni daginn var enginn skráður kl. 19.
- Alls voru skráðir um 207 manns, 97 nemendur sem eru um 50% skráning nemenda.
- Samtals laufabrauð 975 stk. Við keyptum 1000 kökur í Bónus frá Kristjáns Bakaríi. Var ódýrara að kaupa í Bónus en af birgja. Kassinn með 20 kökum kostaði 1895.- og við seldum 10 kökur á 1100.-
- Við keyptum 9 stk. af 2,5 kg fötum af feiti. Dollan kostaði rétt tæplega 2000. Það var ein heil dolla eftir.
- 2 nemendur bættust við samdægurs (30 kökur).
- 16 nemendur forfölluðust og mættu ekki í laufabrauð (voru mikil veikindi í gangi þessa daga) það voru um 180 kökur.
- Við áttum eftir 200 kökur. 100 kökur sem voru teknar úr frysti fyrri daginn og var þeim hent. Seinni daginn voru 100 kökur teknar úr frysti um kl. 17 og voru þær settar aftur í frysti kl. 20.
- Mjög mikilvægt er að skipta fólki jafnt niður á daga til að vinna. Betra að skrá sig á vinnudag einn dag og svo föndurdag með barninu/börnunum sínum hinn daginn.
- Uppi þegar fólk er að skera út borgar sig að leggja rök/blaut viskastykki yfir kökurnar. Má bæta þessu (viskastykki) við á auglýsingu yfir það sem fólk þarf að mæta með með sér.
- Við steiktum í 4 pottum og voru 4 að steikja, 4 að pressa (notuðum hvít eldföst mót í heimilisfræðistofu).
- Einn aðstoðarmaður var niðri sem stjórnaði röðinni á kökunum og fl. Einn til tveir komu svo niður með kökur (merktar eiganda með miða) og tóku kökur upp.
- Einn var uppi allan tímann að afhenda kökur.
- Seinni daginn helltist úr lestinni vegna veikinda. Var bara steikt í 3 pottum þann daginn. Gekk vel framan af. Rúmlega 18 byrjað að myndast röð. Þeir sem voru að klára um kl. 19 og síðar lentu í að bíða svolítið lengi eftir sínum kökum.

- Við myndum segja að það þyrfti 4 potta fyrir þennan fjölda.
- Til þess að steikja á 4 pottum þarf að vera lágmark 9 manns niðri við steikingu (2 á hverri stöð og 1 að halda utanum röð að steikjurum og senda upp það sem er klárt).
- Setja nóg af pappír á borðin í heimilisfræðinni. Auðveldar þrífín svo mikið og kemur í veg fyrir að það leki milli eldavélar og innréttingar.
- Kveikja þarf á stóru pottunum (sem heimilisfræðistofan á) að minnsta kosti klukkutíma áður en áætluð steiking byrjar.
- Spurning um að hafa þá nær hurðinni ef það er mikill gegnumtrekkur. Vorum að svissa á milli 5-6 á eldavélarhellunni.
- 5. bekkur seldi súkkulaði, 500 kr. bollinn og var borðum og stólum raðað í holinu, kaffihúsastemmning. Þar settist fólk og beið eftir kökunum sínum. Venjuleg spil voru á borðum.
- Annars voru flestir ef ekki allir í foreldrafélaginu sammála um að þetta hefði gengið vel og verið gaman.

Stöðvar

Punktur frá foreldrafélaginu 2024/2025:

JÓLAFÖNDUR

GSS

4. DESEMBER



17:30-19:30

FÖNDRUM, SPILUM OG LEIKUM OKKUR

GOTT AÐ TAKA MEÐ KRUKKUR AÐ HEIMAN FYRIR ÞAU
SEM VILJA MÁLA KERTALUKTIR.

KOMA VEL KLÆDD FYRIR ÚTISTÖÐINA.

5. BEKKUR MEÐ KAKÓSÖLU - 500 KR. BOLLINN.

10. BEKKUR MEÐ MÁTUN Á SKÓLAPEYSUM OG BOLUM
SÍÐASTI SÉNS AÐ MÁTA OG PANTA.

1. Kókoskúlur

Hvar: Matsalur

Hvað þarf að kaupa/útvega: einnota hanskar, skálar, msk, dl-mál

Hefði verið betra að vera með deigið tilbúið í skömmtum, fór of mikill tími í að mæla og skammta því ásóknin var mikil

2. Skreyta piparkökur

Hvar: Matsalur

Hvað þarf að kaupa/útvega: Piparkökur (fóru um 7 dallar), glassúr (6 pakkar), tannstönglar

3. Spil

Hvar: Stykkið

4. Krukkur

Hvar: Bíldsey

Hvað þarf að kaupa/útvega: krukkur, lím (ein stór límtúba úr Skipavík dugði), gróft salt (2 pokar dugðu), band/borði, penslar, greni frá skógræktinni, dagblöð

5. Pakka/jólaskraut

Hvar: Öxney

Hvað þarf að kaupa/útvega: hvítur sjálf-harðnandi leir (keypt voru 3 kg en það var of lítið, mælt með 5 kg), piparkökumót, smjörpappír, kökukefli, rör, greni

6. Jólakortagerð

Hvar: Elliðaey

Hvað þarf að kaupa/útvega: Karton, pappír, skæri, límstifti, pennar

7. Sykurpúðar eða annað yfir nýju bálpönnunni

Hvar: Fyrir framan skólann

Hvað þarf að kaupa/útvega: Sykurpúðar (fóru um 4 pokar af litlum sykurpúðum, það var miðað við 2 sykurpúða á mann), viðarprik

8. Stórt sameiginlegt jólatré með handaförum nemenda

Hvar: Fagurey

Hvað þarf að kaupa/útvega: Græn blöð, skæri, blýantar, kennaratyggjólím, brúnt blað, gyllt/gult blað f. stjörnu

9. Mála á bolla

Hvar: Flatey

Hvað þarf að kaupa/útvega: postulíns/glermálning (5 x 500 ml af málningu og alveg eitthvað eftir í öllum brúsum), 96 bollar úr Ikea (13 stk voru í afgang)

Fræðsluerindi

Tillögur:

- Heimili og skóli - þarf aðeins að greiða ferðakostnað
- Bjarni Fritz. Ætlaði að koma 2025 en forfallaðist
- Núvitundarsetrið (nuvitundarsetrid.is)

Öskudagur

- Panta íþróttahúsið
- Finna göngustjóra - Maggi og Kristjón og Haffi á trommur



**ÖSKUDAGUR Í
STYKKISHÓLM**

Öskudagsganga
Gengið verður frá
tónlistarskólanum **kl. 14**
Kristjón, Haffi og Maggi leiða
gönguna um bæinn

Skemmtun í íþróttahúsinu
16:30-17:30 Leikskóli, 1.-2. bekkur
17:30-18:30 3.-6. bekkur
18:30-19:30 7.-10. bekkur

Frítt inn

Hlökkum til að sjá ykkur!
Foreldrafélag Grunnskólans í
Stykkishólmi

Börn til og með 4. bekk þurfa að vera í fylgd ábyrgðaraðila

Gangan

1. Höfðaborg
2. Ráðhúsið
3. Sæferðir
4. Systraskjól
5. HVE
6. Marz
7. KPMG
8. Sjóvá og Kjölur (Regus hús)
9. Bankinn
10. Lyfja
11. Skipavík
12. Kram
13. Bónus
14. Sýsló
15. Fosshótel

- Söngtextar (pdf skjal á fb hóp félagsins). Gott að biðja umsjónarkennara um að nemendur æfi lögin í skólanum.
- Skemmtun í íþróttahúsinu
 - Uppsetning á þrautabraut og frágangur
 - Arnar setur róluna upp á miðvikudeginum
 - Skipta niður á vaktir

Undirbúningur þriðjudagskvöld kl. 21	Leikskóli og 1.-2. bekkur Gæsla-holl 1 kl. 16.30-17.30	3.-6. bekkur Gæsla-holl 2 kl. 17.30-18.30	7.-10. bekkur Gæsla-holl 3 kl. 18.30-19.30 + frágangur







Sumardagurinn fyrsti

- Hefst kl. 11.
- Hlaup




- Síðan allir í stórfiskaleik.
- Vellinum skipt í þrennt og farið í leiki:
 - 3. bekkur og yngri, t.d. dimmalimm og litaleikur
 - 4.-6. bekkur, t.d. klósettleikur og litaleikur
 - 7. bekkur og eldri, t.d. skotbolti og fótbolti
- Grillaðar pylsur. Gerum ráð fyrir að foreldrar og systkini fái líka pylsu.
Það sem fór 2025:
 - 220 pylsur (200 hefðu líklega dugað)
 - 220 pylsubrauð (200 hefðu líklega dugað)
 - 190 capri sun
 - 5 pokar steiktur laukur
 - 3 pylsusinnep
 - 3 tómatsósur (1 kg flöskur)
 - 2 stórar remúlaði
 - Ruslapokar, einnota hanskar, eldhúsbréf
- Fengum lánað grill hjá Snæfell.
- Frítt í sund.
- Vesti, boltar og keilur eru undir stúkunni.



Sumardagurinn fyrsti

í Stykkishólmi

Byrjum á léttu hlaupi kl. 11
á íþróttavellinum



Síðan leikir og
grillaðar pylsúr

Sveitarfélagið býður börnum og
foreldrum/forráðamönnum fritt í
sund



Foreldrafélag GSS



Starfsreglur foreldrafélags GSS

1. gr. Foreldrafélag Grunnskólans í Stykkishólmi

Við Grunnskólann í Stykkishólmi starfar foreldrafélag, sbr. 9. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái nægan stuðning til starfsemi sinnar frá skólanum eftir því sem þörf krefur.

2. gr. Félagsmenn

Foreldrum og forsjáraðilum nemenda í Grunnskólanum í Stykkishólmi er heimil aðild að félaginu.

3. gr. Bekkjardeildir og stjórn

Foreldrar nemenda hvers bekkjar mynda deildir innan félagsins og sér hver deild um starf í þágu síns bekkjar. Hver deild velur sér tvo bekkjarfulltrúa sem jafnframt eru stjórnarmenn í foreldrafélagi skólans.

Í upphafi skólaárs skal umsjónarkennari hvers bekkjar boða viðkomandi foreldra og forsjáraðila til fundar þar sem bekkjarfulltrúar eru valdir.

Eigi síðar en 20. september skal skólastjóri boða nýja stjórn foreldrafélagsins og fráfarandi embættismenn stjórnar ársins á undan til fundar, þar sem farið verður yfir starf vetrarins og fráfarandi embættismenn(formaður, ritari, gjaldkeri) skýra þar frá högum félagsins þ.m.t. fjárhagsstöðu.

Á fundinum skulu bekkjarfulltrúar velja sér embættismenn: Formann, gjaldkera og ritara. Embættismenn séu ekki starfsmenn grunnskólans. Tveir stjórnarmenn skulu sitja í stjórn félagsins til tveggja ára og skal það liggja fyrir að vori hverjir tveir bjóði sig fram til þess.

4. gr. Hlutverk

Lögbundið hlutverk foreldrafélagsins er þríþætt;

1. að styðja skólastarfið
2. að stuðla að velferð nemenda
3. að efla tengsl heimila og skóla.

Stjórn félagsins ber að sjá til þess að félagið sinni skyldum sínum og fer það eftir ákvörðunum hennar hverju sinni hvernig það er gert.

Félagið fjallar ekki um mál einstakra nemenda eða foreldra eða starfsfólks skólans.

5. gr. Félagsgjöld

Félagsgjöld skulu ekki innheimt nema samkvæmt ákvörðun félagsfundar hverju sinni.

Hafi félagsfundur ákveðið að innheimt skuli félagsgjöld er nafnalisti heimila sendur til bankans til að sjá um innheimtu í upphafi skólaárs.

Fjármunir foreldrafélags grunnskólans í Stykkishólmi skulu varðveittir á bankareikningi félagsins á kennitölu þess. Ráðstöfun fjármuna skal vera með eftirfarandi hætti:

1. Að niðurgreiða skíðaferð 7. bekkjar
2. Að niðurgreiða menningarferð 5. bekkjar
3. Að greiða fyrir fyrirlestra og/eða fræðslu til foreldra.
4. 20% félagsgjalda yfirstandandi árs standi óhreyfð til næsta starfsárs.

6. gr. Kosning fulltrúa í skólaráð og skólanefnd.

Stjórn foreldrafélagsins kys tvo fulltrúa í skólaráð þannig að einn fulltrúi er kosinn ár hvert til tveggja ára. Þegar kosið er í skólaráð í fyrsta skipti eða þegar forföll verða er annar fulltrúi foreldra kosinn til eins árs og hinn til tveggja ára. Sama hátt skal hafa á við kosningu varamanna.

Stjórn foreldrafélagsins kys einn fulltrúa í skólanefnd Stykkishólmsbæjar á hverju hausti, skv. reglum sveitarfélagsins þar um. Fulltrúi foreldrafélagsins hefur á fundi skólanefndar málfrelsi og tillögurétt. Formaður foreldrafélagsins skal tilkynna til bæjaryfirvalda val stjórnar. Boðun á fundi skólanefndar er á ábyrgð bæjaryfirvalda.

7. gr. Stjórnarfundir

Stjórnarfundir skal halda mánaðarlega á starfstíma skólans. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda með tryggilegum hætti og hæfilegum fyrirvara.

Stjórnarfundur er ályktunarfær ef meirihluti embættismanna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði formanns úrslitum.

Ákvarðanir stjórnar skulu færðar í fundargerð sem staðfestar skulu af stjórn. Stjórnarfundir eru öllum félagsmönnum opnir.

8. gr. Félagsfundir

Félagsfundir má halda samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni eða að kröfu tíunda hluta félagsmanna. Stjórn félagsins skal með viku fyrirvara boða til félagsfunda með tryggilegum hætti. Dagskrá skal liggja fyrir eigi síðar en þremur dögum fyrir félagsfund.

9. gr. Breyting á starfsreglum

Tillaga um breytingar á starfsreglum þessum skal tekin til meðferðar á stjórnarfundum og skal efni hennar lýst í dagskrá. Samþykki 2/3 fundarmanna þarf til að breyta starfsreglum félagsins.

Samþykkt á stjórnarfundum Foreldrafélags Grunnskólans í Stykkishólmi 1. febrúar 2016.